

Ytra mat grunnskóla

# Grunnskólinn í Borgarnesi

Febrúar 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Borgarbyggð.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021.

ISBN 978-9979-0-2609-9

## Innihald

Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um skólann .....	8
Niðurstöður .....	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	12
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	13
2.1 Inntak og námskrá .....	13
2.2. Árangur náms .....	13
2.3 Gæði kennslu .....	17
2.4 Skipulag náms.....	18
2.5 Námsvitund .....	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	19
Þáttur 3 – Innra mat .....	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd.....	21
3.3 Umbætur .....	22
Þáttur 4 – Skólabragur.....	23
4.1 Stefna og viðhorf .....	23
4.2 Líðan nemenda .....	23
4.3 Nemendalýðræði.....	23
4.4 Verklagsreglur og áætlanir .....	24

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum í Borgarnesi sem fór fram á vorönn 2021. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrir fram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skólabragur*.

Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### Stjórnun og fagleg forysta

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021 uppfylla viðmið aðalnámskrár grunnskóla.
- Fjölbreytt þróunarvinna fer fram við skólann og er meðal annars verið að flagga Grænfána í áttunda sinn.
- Stjórnendur hafa faglegan metnað og væntingar til náms og kennslu.
- Tveggja kennara teymi bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu hvers árgangs.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Öflugt samstarf hefur verið við grenndarsamfélagið.
- Ráðinn hefur verið velferðarkennari við skólann og er hlutverk hans meðal annars að vinna að velferð og efla félagsfærni nemenda.
- Verkaskipting skólastjórnenda er skráð og skipurit skólans er birt í starfsáætlun.
- Starfsfólk segist fá hrós og hvatningu frá stjórnendum.
- Öllum starfsmönnum var boðið að fá handleiðslutíma í kjölfar námskeiðs um líðan.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans þannig inntak þeirra sé öllum ljóst.
- Virkja alla hagsmunaaðila við stefnumótun og leita eftir hugmyndum foreldra um sýn og stefnu skólans.
- Tryggja tækifæri til samstarfs milli yngsta, mið- og unglíngastígs.
- Leita leiða til að efla liðsheild í starfsmannahópnum.
- Vinna þarf markvisst að því að efla og auka samstarf við foreldra.
- Tryggja samfellu í fundum skólaráðs með rafrænum hætti ef ekki er kostur á öðru.
- Skrá upplýsingar um þróunarverkefni, stöðu þeirra og framgang.
- Birta þróunaráætlun/umbótaáætlun sem heildstætt skjal.
- Endurskoða skólareglur með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Tryggja upplýsingaflæði til alls starfsfólks.
- Leggja reglulega fyrir starfsmannakannanir til að fylgjast með líðan og viðhorfum starfsfólks.
- Huga þarf að stuðningi og upplýsingum til nýliða í kennslu.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Nemendur telja sig hafa áhrif á skólaumhverfið og eru spurðir álits.
- Nemendur eru áhugasamir um nám sitt.
- Reglulega er fylgst með námi og líðan nemenda.
- Árangur 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum hefur eflst á síðustu árum.
- Foreldrar þekkja námsvísa og flestir telja barn sitt taka stöðugum framförum.
- Gott samband er milli nemenda og kennara.
- Nemendur taka þátt í að flytja vikulegar fréttir af skólastarfi.
- Hæfniviðmið eru nemendum kunn og birt í verkefnum sem þeir fá.
- Nemendum eru gefnir valmöguleikar á ýmsan hátt í námi.
- Stuðningur við nemendur er fjölbreyttur.
- Teymisvinna kennara getur skapað fjölbreyttar námsaðstæður fyrir nemendur.
- Nemendur vinna að hluta að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Nemendur sjá félagslegan ávinning í því fyrirkomulagi að á unglingsstigi er mikil samvinna innan og milli árganga.

### Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni í áætlunum um nám og kennslu.
- Skrá markvissar framkvæmd námsáætlunar í áætlunum um nám.
- Samræma framsetningu námsáætlana sem nemendur fá, allavega á hverju stigi.
- Huga þarf að hvað veldur miklum sveiflum á árangri nemenda 7. bekkjar milli ára.
- Efla trú nemenda á eigin námsgetu.
- Gefa þarf tíma til að fara milli kennslustaða.
- Ræða tengingu hæfniviðmiða sem stefnt er að í námi við námsathafnir sem skipulagðar eru.
- Gefa umræðum, skoðanaskiptum og gagnrýnni hugsun meira vægi í kennslustundum.
- Efla enn frekar markvissa samvinnu og samstarf nemenda
- Auka má sjálfsmat nemenda og leiðbeina þeim við mat á eigin framförum tengt viðmiðum um árangur.
- Sjá til þess að nemendur sem veljast í nefndir og ráð fái til þess þjálfun og sé gert fært að kynna fyrir samnemendum það sem þar fer fram.

## Innra mat

### Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Leitað er sjónarmiða helstu hagsmunahópa í innra mati.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun.
- Unnið er markvisst með niðurstöður samræmdra prófa, kannana og skimana í innra mati.
- Verið er að huga að mati á kennslu innan vissra marka.
- Matsáætlun er sett fram til lengri tíma.

### Tækifæri til umbóta

- Velja matsþætti með skýrum hætti út frá stefnu og markmiðum skólans þannig að metið sé hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru.
- Setja viðmið um árangur sem tengjast markmiðum.
- Fulltrúar allra hagsmunahópa sitji í matsteymi og geti þannig haft áhrif á skipulag og framkvæmd mats.
- Skipuleggja markvisst mat og endurgjöf á kennslu.
- Gera heildarumbótaáætlun þar sem fram koma markmið, leiðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta umbætur.
- Setja þarf fram aðgerðaráætlun sveitarfélags og skóla vegna skólastefnu Borgarbyggðar til þriggja ára eins og kveðið er á um í stefnunni.
- Sjá til þess að allir hagsmunaaðilar fái kynningu á niðurstöðum innra mats.

### Skólabragur

#### Styrkleikar

- Jákvæður skólabragur, tillitssemi, ró og vinnufriður einkennir skólastarfið.
- Samband nemenda og kennara mælist marktækt hærra í Skólapúlsinum en í sambærilegum skólum.
- Einkunnarorð skólans eru sýnileg í skólanum.
- Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, gerður er bekkjarsáttmáli og bekkjarfundir eru vikulega.
- Nemendasamtöl um líðan og stöðu í námi eru í tvisvar á ári í öllum árgöngum.
- Niðurstöður Skólapúlsins eru kynntar nemendum og þeir taka þátt í að ræða umbætur.
- Nemendafélag er starfandi og kosið er til stjórnar á vorin.
- Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði.
- Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans ásamt reglum um hegðun og úrræði sem skólinn nefnir *Skýr mörk*.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans þannig að ljóst sé hvað þau standa fyrir.
- Virkja nemendur og foreldra til að móta stefnu um jákvæðan skólabrag.
- Endurskoða skólareglur í samvinnu við alla fulltrúa skólasamfélagsins.
- Auka áherslu og þjálfna nemendur markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum, samræðum og samvinnu.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um skólann

Grunnskólinn í Borgarnesi er í Borgarnesi í Borgarbyggð. Hann er staðsettur í elsta hluta bæjarins með útsýni vestur Mýrar og yfir á Hafnarfjall. Haustið 1909 hófst kennsla í sjálfstæðu skólahéraði. Nemendur skólans koma úr bænum og af Mýrum og er skólaakstur þaðan og einnig innanbæjar. Húsnæði skólans var endurbætt á árunum 2018-2020 og er meðal annars kominn fjölnota salur í skólann sem og aðstaða fyrir list- og verkgreinakennslu og mótuneyti. Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsi bæjarins sem er í um fimm mínútna göngufjarlægð frá skólanum. Við skólann er starfandi frístundaheimili fyrir 6 til 9 ára börn undir stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar.

Einkunnarorð skólans eru *sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur*.

Í skólanum eru 311 nemendur veturinn 2020-2021. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	22	29	36	22	27	31	41	32	48	23
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Umsjónarkennarar	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2

Nemendur af erlendum uppruna eru 30 og fá þeir allir kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Alls fá 58 nemendur skilgreinda sérkennslu eða aðlagð námsefni, eða um 19% nemenda. Nemendur með einstaklingsnámskrá eru átta. Í vetur stundar enginn nemandi nám á öðru skólastigi.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu 2019-2020 eftir bekkjum (ekki vegna Covid-19)

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	6	6	6	6	7	7	7	7	7	7

Skóli féll niður vegna viðvarana Almannavarna um veður.

Skólinn fór í ytra mat árið 2011 og skilaði skýrslu um framkvæmd umbóta í lok árs 2012.

Starfsfólk skólans er alls 59. Stjórnendur eru fjórir, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórnar, annars vegar deildarstjóri stoðþjónustu og hins vegar deildarstjóri 1.-10. bekkjar. Kennarar eru 35, þar af eru 20 umsjónarkennarar. Við skólann starfar velferðarkennari, tónmenntakennari og skólasafnskennari. Allir fastráðnir kennarar eru með leyfisbréf, afleysingakennarar eru í námi og í vetur eru þrír meistaranemar í starfsnámi. Við skólann starfa einnig námsráðgjafi í hálfu starfi og þrír þroskajálfar. Stuðningsfulltrúar eru átta og skólaliðar fimm.

Greiningarþjónusta talmeinafræðinga og sálfræðinga er aðkeypt verktakavinna.

### Upplýsingar vegna Covid-19

Árið sem skólinn er metinn voru ýmsar aðgerðir í gagni í samfélaginu vegna Covid-19. Dagleg kennsla Grunnskólans í Borgarnesi var skert vegna Covid-19 í 26 daga hjá 4.-10. bekk sem fengu fjarkennslu fimm tíma á dag þann tíma. Kennsla var í skóla í fimm kennslustundir á dag hjá 1., 2. og 3. bekk. Kennsla féll niður í 26 daga í eftirtöldum greinum vegna Covid-19: Íþróttir, sund og list- og verkgreinar féllu niður í hefðbundinni mynd. Íþróttakennarar og list- og verkgreinakennarar voru á stigum eða úti eftir atvikum.



# Niðurstöður

## Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Skólanámskrá og starfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021 eru á heimasíðu skólans. Bæði skjöl uppfylla viðmið sem birt eru í aðalnámskrá grunnskóla. Bekkjarnámskrár í öllum námsgreinum eru birtar á heimasíðu skólans og einnig útfærsla skólans á grunnþáttum menntunar.

Einkunnarorð skólans eru sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur. Þau eru sýnileg í skólanum en ekki töm viðmælendum í rýnihópum. Skólastefna Borgarbyggðar er sameiginleg fyrir skólana í sveitarfélaginu og hún er birt á heimasíðu. Menntunarleg stefna skólans er skráð í skólanámskrá en þar segir meðal annars: *Grunnskólinn í Borgarnesi stefnir að því að vera áfram virkt og skapandi lærdómssamfélag og skipa sér þannig í röð meðal fremstu grunnskóla landsins.*

Starfsfólk og foreldrar<sup>1</sup> í rýnihópum segjast ekki hafa tekið þátt í stefnumótun. Um 36% foreldra sem svara könnun Menntamálastofnunnar sem lögð var fyrir í kjölfar matsheimsóknar<sup>2</sup> eru því sammála að þeir hafi fengið markvissa kynningu á sýn og stefnu skólans og aðeins rúm 5% þeirra eru sammála fullyrðingunni *Ég hef tekið þátt í að móta/endurskoða sýn og stefnu skólans.* Í foreldrakönnun Skólapúlsins<sup>3</sup> segjast marktækt færri foreldrar/forsjáraðilar en að landsmeðaltali vera upplýstir um stefnu og námskrá skólans.

### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hafa faglegan metnað og væntingar til náms og kennslu. Þeir hafa beðið kennara að bjóða stjórnendum að heimsækja gæðastundir í skólastofum en kennarar mættu vera duglegri að bjóða þeim, sagði skólastjóri í viðtali. Fram kom í viðtölum við stjórnendur, kennara og starfsmenn að þeir eru hvattir til og hafa svigrúm til starfsþróunar.

Um hvern árgang er tveggja kennara teymi sem ber sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu, þeir skipuleggja saman og í einhverjum tilvikum kenna þeir einnig saman. Fagleg samræða um nám og kennslu fer fram á vikulegum teymisfundum og á hálfsmánaðarlegum stigsfundum kennara. Á þeim sitja einnig stuðningsfulltrúar sem allir fylgja ákveðnu stigi. Starfsmanna- og kennarafundir hafa ekki verið haldnir í vetur vegna samkomutakmarkana en húsvörður sem er næsti yfirmaður skólaliða, hefur fundað með þeim. Tveir deildarstjórar skipta með sér verkum í skipulagi og stuðningi við kennara í samstarfi við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Annar þeirra situr stigsfundi kennara.

<sup>1</sup>Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra og aðra forsjáraðila.

<sup>2</sup> Foreldrar 93 barna svöruðu könnuninni eða tæp 30%.

<sup>3</sup> Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum að mati viðmælenda, allir „hafa rödd og geta komið með ábendingar“. Viðmælendur í rýnihópum segjast vilja að skólinn verði ein liðsheild en meðan framkvæmdir í skólahúsinu stóðu yfir „vorum við eins og þrír skólar“ og svo tók við hólfaskipting og „við grúppuðum okkur niður í Covidinu“. Stigin hafa verið aðskilin vegna samkomutakmarkana. Í rýnihópi kennarar kom fram að þeir sakna samstarfs milli stiga.

Í umbótaáætlun kemur fram hvernig unnið er með niðurstöður kannana og skimana. Símenntunaráætlun skólans er birt í starfsáætlun. Áherslur eru þær sem nýtast framþróun í námi og kennslu segir þar, en jafnframt kemur fram að skólinn styður starfsfólk til endurmenntunar að eigin frumkvæði.

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Í skólanámskrá og starfsáætlun er lögð áhersla á mikilvægi samstarfs heimila og skóla um nám og líðan barna. Foreldrafélag er starfandi við skólann og fundar reglulega. Fulltrúi skóla á sæti í stjórn foreldrafélags. Foreldrar í rýnihópi segja samskipti við skólann hafa verið lítil í ár þar sem þeir gátu ekki komið inn í skólann. Samskiptin hafa verið rafræn og mest við umsjónarkennara.

Í nýlegri foreldrakönnun Skólapúlsins frá febrúar 2021 svöruðu 81,7% foreldra að þeir væru ánægðir með stjórnun skólans. Það er marktækt minni ánægja en í sambærilegum skólum og sama gildir um ánægju með samskipti starfsfólks við nemendur. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið kemur fram að um 74% foreldra eru ánægðir með skólann í heild og rúm 75% foreldra telja sig fá reglulega góðar upplýsingar um námsárangur barna sinna. Í könnuninni kemur einnig fram að um 80% foreldra telja að barni þeirra líði vel í skólanum (mæling Skólapúls á því er 90,3%) og það sé öruggt og 77% segja að barnið njóti sanngirni og virðingar í skólastarfinu. Þegar spurt er „*Hefur verið leitað sjónarmiða þinna um starf skólans með könnun eða í rýnihóp?*“ svara rúm 78% neitandi og 11% merkja við get ekki svarað.

Spurt var í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið á hvern hátt skólinn gæti leitað eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið. Margar áhugaverðar tillögur komu fram, svo sem með rafrænum könnunum, rýnihópum, málstofum, skólaþingi og safna í hugmyndabanka. Einnig að ræða þessi mál á foreldrafundum, hlusta á foreldra og taka mark á því sem þeir segja.

Skólaráð skólans hefur aðeins haldið einn fund á skólaárinu vegna samkomutakmarkana. Fundargerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans og skipan í skólaráð er samkvæmt lögum og reglugerðum. Leitað er eftir framboðum til skólaráðs fremur en að kosningu sé beitt. Fram kom í viðtali við skólaráð að niðurstöður kannana eru kynntar og skóladagatal og annað skipulag skólastarfsins einnig.

Frístundaheimili fyrir nemendur í 1.-4. bekk er í húsnæði skólans en starfrækt á vegum Ungmennasambands Borgarbyggðar. Samstarfið hefur að sögn skólastjóra verið gott en ekki eru fastir samstarfsfundir. Upplýsingar um samstarf og samskipti við leikskóla og framhaldsskóla eru birtar á heimasíðu skólans.

Skólinn hefur haft samstarf við grenndarsamfélagið, meðal valgreina á unglíngastigi er *lðnin í vali* þar sem nemendur vinna inni í fyrirtækjum í sveitarfélaginu og Rotarýfélagið sér um starfskynningar fyrir nemendur. Nemendur heimsækja bæði leikskóla og framhaldsskóla og þeir hafa séð um að hreinsa bæinn einn dag að vori. Þá heimsækir 10. bekkur Héraðsdóm Vesturlands, Ráðhús Borgarbyggðar og Verkalýðsfélagið í maí ár hvert.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Unnið er að mörgum þróunarverkefnum í skólanum. Í starfsáætlun eru nefndar áherslur skólaársins og vörðurnar á þeirri leið eru tilgreindar: Uppbyggingarstefnan, Grænfánaverkefnið, Heilsueflandi grunnskóli, jákvæður skólabragur, kennslufyrirkomulagið og teymiskennslan. Upplýsingar um þróunarverkefni á heimasíðu skólans leiða inn á heimasíður verkefnanna. Í gögnum skólans eru þessi verkefni nefnd en að litlu leyti upplýst um hvað í þeim felst eða hvernig unnið er að þeim í skólanum. Í ársskýrslu sem er á heimasíðu skólans og kemur út á hverju vori, kemur fram hvað hvert teymi gerði þann veturinn.

Í sjálfsmatsskýrslu kemur fram að hvaða umbótum er unnið í hverjum matsþætti fyrir sig en þróunaráætlun/umbótaáætlun er ekki birt sem heildstætt skjal.

Ráðinn hefur verið velferðarkennari við skólann og er hlutverk hans meðal annars að vinna að velferð og efla félagsfærni nemenda. Nemendur geta leitað til velferðarkennara og í Búbbluna sem er eitt af þróunarverkefnum skólans með það að markmiði að kynna fyrir nemendum aðferðir til að auka velferð þeirra og vellíðan. Skólinn nýtir sérfræðipjónustu frá Borgarbyggð. Sálfræðingur og talmeinafræðingur starfa sem verktakar en fram kom hjá deildarstjórum að aðgengi væri ekki nógu gott, það hefði verið betra þegar þeir höfðu fasta viðveru við skólann.

Þróunarvinna, umbætur og innleiðing breytinga eru þannig til staðar en óljóst hvernig verklagi er háttað þar sem markmið og framkvæmd eru ekki skráð í gögn skólans eða upplýsingum komið á framfæri til allra hagsmunaaðila.

#### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu skólans. Þar má finna tilskildar áætlanir samkvæmt lögum og viðmiðum aðalnámskrár, svo sem skóladagatal, starfsáætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, forvarnaráætlun og móttökuáætlanir. Skólareglur hafa ekki verið endurskoðaðar undanfarin ár en að sögn skólastjóra er endurskoðun í undirbúningi. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar komi að þeirri endurskoðun.

Gætt er að góðri skjalavörslu og vörslu persónuupplýsinga og stjórnendur hafa fengið leyfi til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu starfsmanna.

Í viðtölum kemur fram að kennarar og starfsfólk eru í meginatriðum ánægð með daglegt skipulag skólans og miðlun upplýsinga en „vill brenna við að það fara ekki allar upplýsingar til allra“, var sagt í rýnihópi.

Nemendafélag er við skólann og á heimasíðu kemur fram hverjir eru í stjórn, hver er tilgangur félagsins og einnig eru birt lög og starfsreglur félagsins. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og í umhverfisráði Grænfánaverkefnisins.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Verkaskipting skólastjórnenda er skráð og skipurit skólans er birt í starfsáætlun. Skólastjórnendur funda reglulega, vinna saman og miðla upplýsingum sín á milli. Fram kom í viðtölum við skólastjórnendur að samstarf og samskipti þeirra á milli séu skilvirk og góð. Skólastjórnendur stuðla að jákvæðum samskiptum í starfsmannahópnum að mati viðmælenda. Starfsþróunarsamtöl fara fram árlega.

Fram kom í viðtali við deildarstjóra að þeir fylgjast með námi og kennslu ef þess er óskað og veita endurgjöf. Stjórnendur hafa boðið kennurum að bjóða þeim í heimsókn í gæðakennslustund en fáir

kennarar hafa nýtt sér þann kost að sögn kennara í rýnihópi.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var síðast lögð fyrir skólaárið 2016-2017. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram stjórnendur hrósa og hvetja ef við á. Nýtt starfsfólk fær stuðning hjá eldri kennara og handbók er á netinu að sögn skólastjóra, auk þess sem siðir og venjur eru skráðar í starfsáætlun. Kennarar í rýnihópi kalla eftir handbók fyrir nýliða „þetta vantar alvarlega“, sögðu þeir.

#### 1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sinna eigin starfsþróun og kennarar og starfsfólk fær svigrúm til starfsþróunar. Í viðtölum við kennara og starfsfólk kom fram að þeir upplifa traust og umboð til starfa sinna. Skólastjórnendur útdeila ábyrgð til deildarstjóra og kennara sem leiða starfið í teyrum. Skólinn er með þó nokkur þróunarverkefni í vinnslu en ekki er hægt að sjá í gögnum skólans eða á heimasíðu hverjir eru ábyrgðaraðilar í þessum verkefnum.

Nýlega var haldinn fyrirlestur um líðan fyrir starfsfólk skólans við óvenjulegar aðstæður skólahalds og í kjölfarið bauðst fólki tími í handleiðslu sem margir nýttu sér. Skólinn er heilsueflandi skóli og boðið er upp á starfsmannajóga tvisvar í viku.

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021 uppfylla viðmið aðalnámskrár grunnskóla.
- Fjölbreytt þróunarvinna fer fram við skólann og er meðal annars. verið að flagga Grænfána í áttunda sinn.
- Stjórnendur hafa faglegan metnað og væntingar til náms og kennslu.
- Tveggja kennara teymi bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu hvers árgangs.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Öflugt samstarf hefur verið við grenndarsamfélagið.
- Ráðinn hefur verið velferðarkennari við skólann og er hlutverk hans meðal annars. að vinna að velferð og efla félagsfærni nemenda.
- Verkaskipting skólastjórnenda er skráð og skipurit skólans er birt í starfsáætlun.
- Starfsfólk segist fá hrós og hvatningu frá stjórnendum.
- Öllum starfsmönnum var boðið að fá handleiðslutíma í kjölfar námskeiðs um líðan.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans þannig inntak þeirra sé öllum ljóst.
- Virkja alla hagsmunaaðila við stefnumótun og leita eftir hugmyndum foreldra um sýn og stefnu skólans.
- Tryggja tækifæri til samstarfs milli yngsta, mið- og unglingastigs.
- Leita leiða til að efla liðsheild í starfsmannahópnum.
- Vinna þarf markvisst að því að efla og auka samstarf við foreldra.
- Tryggja samfellu í fundum skólaráðs með rafrænum hætti ef ekki er kostur á öðru.
- Skrá upplýsingar um þróunarverkefni, stöðu þeirra og framgang.
- Birta þróunaráætlun/umbótaáætlun sem heildstætt skjal.
- Endurskoða skólareglur með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Tryggja upplýsingaflæði til alls starfsfólks.
- Leggja reglulega fyrir starfsmannakannanir til að fylgjast með líðan og viðhorfum starfsfólks.
- Huga þarf að stuðningi og upplýsingum til nýliða í kennslu.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í störfum skólans. Í skólanámskrá eru grunnþættir menntunar nefndir og fjallað er um þá sérstaklega á heimasíðu. Tengsl grunnþátta menntunar eru ekki skráð í áætlunum námsgreina í bekkjarnámskrám sem eru á heimasíðu skólans. Fram kemur í þeim áætlunum að unnið sé að hæfniviðmiðum um Borgarnes-lykilhæfni sem samræmist að fullu lykilhæfni sem sett er fram í aðalnámskrá grunnskóla en ekki er tekið fram í námskrám skólans hvernig unnið er með lykilhæfni í námi og kennslu. Endurskoðun stendur yfir á framkvæmd mats á lykilhæfni.

Meirihluti foreldra (75%) sem svara foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við ytra mat svara að þeir viti hvernig þeir geti fylgst með námsmarkmiðum barns síns. Foreldrar í rýnihópi sögðust þekkja námsvísa/áætlanir um nám og kennslu en segja að það fari eftir kennurum hvernig þeir eru kynntir fyrir foreldrum.

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda. Stuðningur við nemendur er fjölbreyttur og fer fram í námsaðstæðum nemenda en einnig er unnið í smærri hópum og einstaklingslega þegar við á. Velferðarkennari kemur einnig að stuðningi. Skipulag kennslu með teymi kennara um árgang og stuðning tengdan því gefur möguleika á margvíslegum leiðum við stuðning.

Skipulögð námsaðlögun er ekki skráð í námsvísu/bekkjarnámskrám, en kemur fram í sumum kennsluáætlunum sem matsaðilar fengu á vettvangi. Röktudd einstaklingsnámskrá er unnin fyrir nemendur sem þess þurfa þar sem fram kemur tilhögun stuðnings, svo sem tengsl við bekkjarnámskrá og námsumhverfi.

### 2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri og framförum nemenda og hann skráður. Niðurstöður kannana og námsmats eru nýttar og sett er fram stefna um að auka árangur í greinargerð um innra mat.


Greinargóð umfjöllun um námsmat er í skólanámskrá þar sem koma fram viðmið sem unnið er eftir við matið og kvarðar sem því tengjast. Þar kemur meðal annars fram að námsmat byggir á viðmiðum um hæfni sem sett er fram fyrir hvern árgang. Þessi viðmið eru unnin út frá viðmiðum aðalnámskrár.

Meirihluta foreldra (85%) sem svöruðu foreldrakönnun telja barnið sitt hvatt til að leggja sig fram í náminu, taka stöðugum framförum og fá nægilegar áskoranir. Meirihluti foreldranna telur einnig að kennari barnsins þeirra fylgist reglulega með námi barnsins og að skólinn mæti vel námsþörfum barnsins.

#### *Samræmd könnunarpróf*


Einn einkunnarkvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0-60, meðaltalið er 30.

Árangur 4. bekkjar á samræmdum prófum var undir landsmeðaltali árin 2016 og 2017 en eflist og nær að vera um og við meðaltal síðustu árin.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur nemenda í 7. bekk eflist og dalar til skiptis á milli ára og fylgjast námsgreinarnar að í sveiflum. Óvenju miklar árssveiflur eru miðað við þann fjölda nemenda sem þreyta prófin.



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.


Árangur 9. bekkjar í stærðfræði og ensku hefur verið fyrir neðan meðaltal frá 2017 en eflist aðeins í síðustu mælingu. Árangur í íslensku hefur verið við eða rétt undir meðaltali síðustu ár en hrakar milli ára 2019 og 2020.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.

### Framfarir árganga


Þegar árangri árganga er fylgt eins og hann birtist á samræmdum könnunarprófum sést að ekki er nein regla um framfarir milli prófa. Sumir árgangar eflast milli 4. og 7. bekkjar meðan árangur dalar hjá öðrum og sama á við milli 7. og 9. bekkjar.



Mynd 4. Árgangaþróun á samræmdum könnunarprófum.


## Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Myndir 5 og 6 sýna leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit) á mynd 5. Helmingur nemenda í 7. bekk lesa undir viðmiði 1 hjá Menntamálastofnun.



Mynd 5. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiðs.

Þegar línuritið á mynd 6 er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línan) sveiflast um landsmeðaltal (rauða línan) hjá flestum árgöngum rétt við meðaltalið en hjá nokkrum aðeins yfir eða aðeins undir.



Mynd 6. Meðaltal lesinna orða og viðmið.

Samkvæmt gögnum skólans er stefnt að því að allir nemendur skólans taki lesfimiþróf óháð því hvort um umtalsverða lestrarörðugleika sé að ræða eða ekki.



### Skólapúlsinn

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans eru sambærileg (ekki marktækur munur) og svör annarra nemenda sem taka þátt á 17 af þessum 20 þáttum í könnun Skólapúlsins frá í vor. Þar kemur fram að nemendur skólans hafa marktækt minni trú á eigin námsgetu og minna sjálfsálit en aðrir nemendur sem svara Skólapúlsinn. Þar er munurinn mestur hjá 6. bekk en þegar komið er í 10. bekk hafa nemendur aðeins meira sjálfsálit en aðrir 10. bekkingar sem svara könnuninni. Samband nemenda skólans við kennara er hins vegar marktækt betra en gerist hjá öðrum. Þetta endurspeglar orð eins nemanda um hvað væri gott við skólann: „skilningurinn sem maður fær frá kennurunum sínum“.

Enn fremur kemur fram að áhugi og ánægja af þeim námsgreinum sem spurt er um dalar aðeins milli kannana en er svipað og á landsvísu. Líðan nemenda sem svara er svipuð og gerist á landsvísu en hefur aðeins dalað frá fyrri könnun.


### 2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í 32 kennslustundum hjá yfir 30 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar, tvær frábærar en í nokkrum kennslustundum töldu matsmenn að umbóta væri þörf. Helstu atriði sem þyrfti að bæta snúa að nýtingu námstímans, námskröfum og tengslum við markmið og virkni nemenda. Dæmi er um að kennari er að kenna íþróttir í íþróttahúsi og næsta tíma þar á eftir í skólahúsi án þess að reiknaður sé tími til þess að fara á milli kennslustaða.

Stefna skólans í kennsluháttum er skráð í skólanámskrá og gerð grein fyrir kennsluháttum hver stigs. Einnig eru upplýsingar um kennslu og námsmat í skýrslum sem kennarar hvers árgangs skila í lok skólaárs og birtast í ársskýrslu skólans.

Kennslustundir eru í ytra mati skráðar út frá kennsluáherslum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluáherslur kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á fúmkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Matsaðilar sáu fræðandi kennsluáherslur í meirihluta (66%) kennslustundanna eins og fram kemur á mynd 7.



Mynd 7. Kennsluáherslur.

Matsaðilar fengu áætlanir frá kennurum um það sem nemendur voru að vinna með í náminu. Þar og í skriflegum verkefnum sem nemendur fengu til að vinna komu yfirleitt fram tengingar við hæfniviðmið námsgreina. Framsetning áætlana um kennslu er mismunandi eftir kennurum og kennslugreinum. Í vettvangsathugunum sást sjaldan að kennarar færu markvisst yfir þessi viðmið eða ræddu við nemendur um að hvaða hæfni væri verið að stefna með náminu. Í einstaka kennslustofum voru hæfniviðmið sýnileg.


Hugað er námsaðlögun og námsþörfum brágera nemenda í einstaka tilfellum, s.s. með vali á miskrefjandi verkefnum og einnig er rýnt með nemendum í niðurstöður samræmdra prófa og námsáherslur skipulagðar í framhaldi af því.

## 2.4 Skipulag náms

Skólinn hefur verið að þróa teymisvinnu og teymiskennslu. Hver árgangur er einn námshópur með tvo umsjónarkennara sem vinna saman í teymi að skipulagi og undirbúningi kennslunnar. Í matinu sáu matsmenn að kennarar skipta nemendum í árgangi iðulega í tvo hópa, hvorn í sinni stofunni með einum kennara en einnig voru vinnubrögð teymiskennslu viðhöfð þannig að kennarar skiptu með sér verkum eða námshópum eftir námsþörfum nemenda eða sérstöku áherslum sem kennarar settu fram.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum sem kom meðal annars fram í valáföngum og ýmsum þemaverkefnum sem unnið er að og geta tekið nokkurn tíma. Unglingastigið vinnur saman þvert á árganga að minnsta kosti tvisvar á ári með þemavinnu.

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Nemendur unnu einir að námi sínu í 63% af metnum kennslustundum og skipulögð samvinna var í 13% stundanna.



Mynd 8. Námsathafnir.

Þegar nemendur voru spurðir um umræður í námi nefndu þeir að umræður færu mest fram í ákveðnum námsgreinum og sögðu svo að það væri kennarinn sem hefði mest áhrif á það.

Nemendur nýttu upplýsingatækni í 28% kennslustundanna og kennarar í 34%. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn eða fleiri nemendur nýta snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari nýtir upplýsingatækni, t.d. með því að varpa upp mynd/glærum.

## 2.5 Námsvitund

Almennt voru nemendur áhugasamir í kennslustundum og sýndu námi sínu áhuga. Fram kom í rýnivíðtölum við nemendur að þeir vita um hæfniviðmið námsins, en segja þau ekki vera mikið til umræðu. „Meira sagt hvað á að gera í tímanum“ eins og einn nemandi orðaði það. Nemendur segjast

fyrst og fremst setja sér markmið hjá námsráðgjafa í 10. bekk, ekki beint markmið í náminu. Fram kom að nemendur setja sér einnig almenn markmið fyrir foreldraviðtöl að hausti.

Nemendur kannast við að meta eigið nám en það er ekki gert að jafnaði, tengist fyrst og fremst hópavinnu þar sem jafningjamat fer fram.

Nemendur hafa möguleika á að tengja áhugasvið náminu í valáföngum sem eru á mið- og unglingastigi. Einnig nefndu nemendur að þeir hafi í sumum fögum val um hvernig þeir skila verkefnum sínum. Eldri nemendur nefndu að þeir hafi nýlega farið í áhugasviðspróf og hafa trú á að það hafi áhrif, eða eins og einn nemandi sagði: „það verður örugglega unnið meira með það“. Matsaðilar sáu að kennarar gefa nemendum oft valmöguleika innan ramma þess sem verið er að vinna. Nemendur nefndu það einnig, og að mega nota sinn námsstíl, „það er rætt við okkur hvernig við vinnum best“.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Á vettvangi sáu matsaðilar að samskipti í skólanum eru jákvæð, skólabragurinn er góður og samskipti milli nemenda og nemenda og kennara eru góð. Innan nemendahópsins ríkir almennt samvinna og stuðningur. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag skólafarsins, meðal annars með bekkjarfundum. Einnig nefndu nemendur að þeir væru oft spurðir áður en farið væri að breyta, til dæmis hefðu þeir verið með í að skipuleggja hvernig ætti að skipuleggja útisvæði og einnig völdu nemendur nafn á matsalinn að sögn eldri nemenda í rýnihópi.

Að sögn skólastjóra er verið að reyna það að nemendur skrifi föstudagspóst til heimilanna um hvernig vikan hafi verið og einnig hafa verið tilraunir með nemendastýrð viðtöl.

Nemendur í ráðum og nefndum fá ekki til þess sérstaka þjálfun en læra oftast af þeim sem eldri eru að sögn nemenda í rýnihópi. Hjá skólastjóra kom fram að á fyrsta fundi nemendaráðs er farið yfir lög og reglur nemendafélagsins og þeim eru kynnt föst verkefni vetrarins. Nemendum eru kynntar niðurstöður Skólapúlsins og taka þátt í að ræða umbætur í framhaldi af því. Nemendum er ekki markvisst kynnt hvað fram fer í skólaráði eða nemendaráði en „nemendaráð fer stundum í bekki og spyr um álit og hugmyndir, en kemur ekki mikið út úr því“ að mati nemendaráðsfulltrúa.

Eldri nemendur í rýnihópi töluðu um að skipulagið sem er í skólanum með að kenna árganginum sem einni heild á unglingstigi og árgangablöndum í þemaverkefnum geri það að verkum að það er góð samvinna milli bekkja og allir á unglingastiginu tali saman.

### Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Nemendur telja sig hafa áhrif á skólaumhverfið og eru spurðir álits.
- Nemendur eru áhugasamir um nám sitt.
- Reglulega er fylgst með námi og líðan nemenda.
- Árangur 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum hefur eflst á síðustu árum.
- Foreldrar þekkja námsvísa og flestir telja barn sitt taka stöðugum framförum.
- Gott samband er milli nemenda og kennara.
- Nemendur taka þátt í að flytja vikulegar fréttir af skólafari.
- Hæfniviðmið eru nemendum kunn og birt í verkefnum sem þeir fá.
- Nemendum eru gefnir valmöguleikar á ýmsan hátt í námi.
- Stuðningur við nemendur er fjölbreyttur.
- Teymisvinna kennara getur skapað fjölbreyttar námsaðstæður fyrir nemendur.
- Nemendur vinna að hluta að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Nemendur sjá félagslegan ávinning í því fyrirkomulagi að á unglingastigi er mikil samvinna innan og milli árganga.

### Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni í áætlunum um nám og kennslu.
- Skrá markvissar framkvæmd námsaðlögunar í áætlunum um nám.
- Samræma framsetningu námsáætlana sem nemendur fá, allavega á hverju stigi.
- Huga þarf að hvað veldur miklum sveiflum á árangri nemenda 7. bekkjar milli ára.
- Efla trú nemenda á eigin námsgetu.
- Gefa þarf tíma til að fara milli kennslustaða.
- Ræða tengingu hæfniviðmiða sem stefnt er að í námi við námsathafnir sem skipulagðar eru.
- Gefa umræðum, skoðanaskiptum og gagnrýnni hugsun meira vægi í kennslustundum.
- Efla enn frekar markvissa samvinnu og samstarf nemenda
- Auka má sjálfsmat nemenda og leiðbeina þeim við mat á eigin framförum tengt viðmiðum um árangur.
- Sjá til þess að nemendur sem veljast í nefndir og ráð fái til þess þjálfun og sé gert fært að kynna fyrir samnemendum það sem þar fer fram.

## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Litið er á innra mat skólans sem mikilvægt. Fjallað er um leiðir í innra mati í skólanámskrá og starfsáætlun. Reglulegt mat fer fram á námi, árangri og framförum nemenda. Ekki fer fram reglulegt mat á kennslu eða fagmennsku kennara en stjórnendur hafa lagt drög að því með því að óska eftir að vera boðið af kennurum í það sem nefnt er gæðakennslustundir. Þar ákveða kennarar hvenær stjórnandi kemur í kennslustund til að fylgjast með námi og kennslu.

Val matsþátta byggir að hluta á stefnu skólans, þar sem lögð er áhersla á að meta læsi og fram kemur að jafnréttisáætlun skólans er metin árlega en ekkert er fjallað um það nánar í skýrslu um innra mat. Markmið skólans eru að öðru leyti ekki metin markvisst með innra mati og ekki hafa verið sett sérstök viðmið um árangur sem tengjast markmiðum. Mat á stefnum skólans sem skráðar eru, svo sem menntunarstefnu, uppeldisstefnu (Uppeldi til ábyrgðar) og umhverfisstefnu (Skóli á grænni grein/Grænfánaverkefnið) kemur ekki fram í skýrslu um innra mat. Ekki kemur heldur fram mat á innleiðingu aðferða teymiskennslu við skólann.

Matsáætlun til fjögurra ára sem nær til helstu þátta skólastarfs er til staðar.

Í skólastefnu Borgarbyggðar 2016-2020 kemur fram að skólar eigi að móta aðgerðaráætlun til þriggja ára í ljósi skólastefnunnar og að meta eigi með ýmsum mælingum árangur skólastarfs, svo sem kannanir um líðan hjá 7.-10 bekk, viðmið Heilsuefandi skóla eiga að leiða mat sem og viðmið Grænfánaverkefni Landverndar. Matsaðilar fundu ekki upplýsingar um hvernig sveitarfélagið hefur framfylgt áætlunum um ytra mat skólastarfs, eftirfylgni og skólastefnunnar, en ábendingar þar um komu fram í ytra mati árið 2011.

Ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að með markmiðum. Sama ábending kom fram í ytra mati skólans frá 2011 en þar er nefnt að mikilvægt sé að setja fram viðmið um árangur um leið og sett sé fram umbótaáætlun.

### 3.2 Framkvæmd

Innra mat skólans er á ábyrgð stjórnenda og þeir mynda einnig matsteymi sem sér um skipulag og framkvæmd matsins. Innramatsteymi er skipað kennurum og stjórnendum. Foreldrar og nemendur eiga ekki fulltrúa í teyminu.

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins við innra mat, það er nemendakönnun sem er árleg og kannanir fyrir foreldra og starfsfólk hafa undanfarið verið fjórða hvert ár. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru einnig nýttar í innra mati. Niðurstöður eru notaðar markvisst og birtar í skýrslu um innra mat. Fram kemur í starfsáætlun að skólinn nýtir matstækið Gæðagreini við innra mat skólans. Metið var með tveimur gæðagreinum síðasta ár, annar metur eflingu starfsmanna og samvinnu og hinn metur forystu um framfarir og breytingar.

Fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir sem skólinn notar eru kynntar í skýrslu um innra mat, s.s. kannanir, rýnihópar, viðtöl og fundir.

### 3.3 Umbætur

Í skýrslu um innra mat er skilmerkilega gerð grein fyrir niðurstöðum kannana, viðtala og rýnivinnu. Umbætur eru skráðar eftir hvern meginmatsþátt. Þar er fjallað um það sem betur má fara. Þessir matsþættir eru fjórir: 1) nám og námsárangur, 2) vellíðan og velferð nemenda, 3) efling starfsmanna og 4) samvinna og forysta um framfarir og breytingar. Farið er yfir niðurstöður úr helstu könnunum þar sem dregið er fram það sem vel hefur gengið og það sem betur má fara miðað við landsmeðaltal eða lækkun á milli ára. Það sem vel er gert og hvað megi bæta er sett fram í punktum í umfjöllun um mat með gæðagreinum.

Umbótaáætlanir eru skráðar eftir hvert umfjöllunarefni í fjórum áætlunum en ekki er sett fram heildarumbótaáætlun. Fram kemur hvað á að gera, hver gerir, tími, bjargir og hvernig á að meta. Ekki eru sett fram markmið með umbótunum þannig að ekki er hægt að meta hvort markmið nást.

Flestir hagsmunaaðilar sem rætt var við sögðust fá kynningu á niðurstöðum innra mats og taka þátt í að ræða þróun og umbætur. Þar skera foreldrar sig úr því foreldrar í rýnihópi sögðust ekki kannast við að fá þá kynningu og um helmingur svarenda í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við ytra mat sögðust ekki hafa fengið kynningu á niðurstöðum kannana.

#### Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Leitað er sjónarmiða helstu hagsmunahópa í innra mati.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun.
- Unnið er markvisst með niðurstöður samræmdra prófa, kannana og skimana í innra mati.
- Verið er að huga að mati á kennslu innan vissra marka.
- Matsáætlun er sett fram til lengri tíma.

#### Tækifæri til umbóta

- Velja matsþætti með skýrum hætti út frá stefnu og markmiðum skólans þannig að metið sé hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru.
- Setja viðmið um árangur sem tengjast markmiðum.
- Fulltrúar allra hagsmunahópa sitji í matsteymi og geti þannig haft áhrif á skipulag og framkvæmd mats.
- Skipuleggja markvisst mat og endurgjöf á kennslu.
- Gera heildarumbótaáætlun þar sem fram koma markmið, leiðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta umbætur.
- Setja þarf fram aðgerðaráætlun sveitarfélags og skóla vegna skólustefnu Borgarbyggðar til þriggja ára eins og kveðið er á um í stefnunni.
- Sjá til þess að allir hagsmunaaðilar fái kynningu á niðurstöðum innra mats.

## Þáttur 4 – Skólabragur

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða matsþáttinn hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið.

### 4.1 Stefna og viðhorf

Jákvæður skólabragur einkennir skólastarfið, „fólki líður vel, það er létt yfir og lausnamiðað“, var sagt í rýnihópi, „það er samstaða í hópnum og þægilegt andrúmsloft“. Einkunnarorð skólans eru sýnileg í skólanum en viðmælendur höfðu þau samt ekki á takteinum þegar spurt var. Í skólanámskrá, starfsáætlun og í skólastefnu Borgarbyggðar kemur fram áhersla á jákvæðan skólabrag. Árlega er gerður starfsmannasáttmáli í skólanum, þar segir meðal annars. „Við viljum að vinnustaðurinn einkennist af jákvæðni, gleði, fagmennsku og metnaði“.

Í skólanum er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar eða Uppbyggingarstefnunnari. Í hverjum árgangi/bekk er gerður bekkjarsáttmáli og bekkjarfundir eru vikulega. Foreldrar í rýnihópi segja skólabrag almennt hafa verið jákvæðan en segja jafnframt að það hafi verið erfitt að geta ekki komið inn í skólann vegna sóttvarnaraðgerða og hefur það áhrif á samskipti foreldra við kennara. Einnig fylgdu því ákveðnir erfiðleikar meðan framkvæmdir í skólahúsinu stóðu yfir og skólastigin voru aðskilin.

### 4.2 Líðan nemenda

Skólinn nýtir kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með námi og líðan nemenda. Nemendur fá kynningu á niðurstöðum. Í könnunum á skólaárinu 2020-2021 mælist líðan nemenda aðeins undir landsmeðaltali og lægst hjá nemendum á miðstigi sem svara könnuninni. Í könnun sem send var foreldrum í kjölfar matsheimsóknar segja rúm 81% svarenda að barninu líði vel í skólanum.

Nemendur í rýnihópum segja að þeim líði vel í skólanum og telja að flestum líði vel í skólanum en „stundum eru læti en við erum að vinna í því, sumum líður ekki vel út af því“. „Kennarinn er sá sem gerir greinina skemmtilega, þar er umræða, námsaðferðir, ekki hefðbundið, ekki bara bækurnar“, segja eldri nemendur í rýnihópi. Nemendasamtöl milli kennara og nemenda þar sem fjallað er um líðan og stöðu í námi eru í tvisvar á ári í öllum árgöngum.

Í sömu könnun Skólapúlsins mælist einelti svipað og að landsmeðaltali. Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 kemur fram að vinnu gegn einelti ljúki aldrei en ekki eru tilgreindar markvissar aðgerðir til að vinna gegn því.

### 4.3 Nemendalýðræði

Lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð, segir í skólanámskrá skólans. Bekkjarfundir eru í öllum árgöngum þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig um málin og bekkjarsáttmálar voru sýnilegir í flestum skólastofum. Hvorttveggja er hluti að stefnunnari Uppeldi til ábyrgðar sem skólinn fylgir.

Í vettvangsheimsókn sáu matsaðilar almennt ró og vinnufrið í kennslustundum og góðan anda meðal nemenda, sérstaklega í unglingadeild. Í Skólapúlsinum mælist samband nemenda og kennara marktækt hærra en í sambærilegum skólum.

Nemendafélag er starfandi og kosið er til stjórnar á vorin. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og koma þeir úr stjórn nemendafélagsins, formaður og varaformaður. Nemendur eiga einnig fulltrúa í umhverfisráði Grænánaverkefnisins.

Miðað við það sem sást í vettvangsathugunum fá nemendur ekki markvissa þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum í náminu. Samræður og samvinna einkenndu fáar stundir sem heimsóttar voru og nemendur setja sér ekki markmið um nám sitt að sögn þeirra sem rætt var við í rýnihópum.

#### 4.4 Verklagsreglur og áætlanir

Eineltisáætlun liggur fyrir á heimasíðu skólans, hún skiptist í forvarnir og viðbrögð við einelti. Skólareglur eru á heimasíðu skólans ásamt reglum um hegðun og úrræði sem skólinn nefnir *Skýr mörk* þar sem tilgreind er ásættanleg og óásættanleg hegðun. Unnið er með þessar reglur á bekkjarfundum í anda Uppbyggingarstefnunnar og í bekkjarsáttmála hvers árgangs. Skólareglur hafa ekki verið endurskoðaðar nýlega og viðmælendur í rýnihópum könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í að móta reglurnar.

Á heimasíðu er birt áætlun um fíknivarnir og áætlun um viðbrögð við áföllum.

#### Styrkleikar

- Jákvæður skólabragur, tillitssemi, ró og vinnufriður einkennir skólafélaga.
- Samband nemenda og kennara mælist marktækt hærra í Skólafélagsinum en í sambærilegum skólum.
- Einkunnarorð skólans eru sýnileg í skólanum.
- Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, gerður er bekkjarsáttmáli og bekkjarfundir eru vikulega.
- Nemendasamtöl um líðan og stöðu í námi eru í tvisvar á ári í öllum árgöngum.
- Niðurstöður Skólafélagsins eru kynntar nemendum og þeir taka þátt í að ræða umbætur.
- Nemendafélag er starfandi og kosið er til stjórnar á vorin.
- Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði.
- Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans ásamt reglum um hegðun og úrræði sem skólinn nefnir *Skýr mörk*.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans þannig að ljóst sé hvað þau standa fyrir.
- Virkja nemendur og foreldra til að móta stefnu um jákvæðan skólabrag.
- Endurskoða skólareglur í samvinnu við alla fulltrúa skólasamfélagsins.
- Auka áherslu og þjálfu nemendur markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum, samræðum og samvinnu.